

um málavöxtum er það álit yfirdómsins, að gestarjetturinn hafi átt að frá vísa málinu samkvæmt aðalrjettarkröfu hins stefnda, og verður því nú eigi hjá því komizt, að dæma tjeðan gestarjettardóm ómerkan, og að vísa málinu frá undirrjettinum. Þá er og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda 50 kr. í málskostnað. Það þykir engin ástæða til þess, að dæma ómerk þau ummæli áfrýjanda, sem um getur í gestarjettardómnum, og eigi virðist heldur eptir atvikum málsins nægileg ástæða til að sekta hann fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirjettarins á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Sem málskostnað greiði áfrýjandi, Arnljótur Ólafsson, hinum stefnda, Jóni Hallssyni, 50 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maímán.

Nr. 16/1888.

Rjettvísin  
gegn  
Jóni Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Norðurmúlasýslu, gengnum 21. dag marzmán. 1887, var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 2. sinn, til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, og til að greiða

Guðgeir Eggertssyni sem iðgjöld hins stolna 11 krónur 23 aura, svo og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns hans, Sigmundur Mattíassonar, 4 krónur.

Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Jóns Jónssonar, og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann í ágústmánuði 1886 heimildarlaust tók úr læstu kofforti Guðgeirs Eggertssonar sjóróðrarmanns á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, — en hinn ákærði og Guðgeir sváfu í sama loftherbergi —, eptir því sem sannazt hefur 16 kr. Fyrir nokkuð af peningum þessum keypti hann romm, 2 kr. og 50 a. beiddi hann mann á Vestdalseyri að geyma fyrir sig, og 2 kr. borgaði hann öðrum manni upp í skuld. Þessum síðastnefndu 4 kr. 50 a., og 27 a., sem húsbóndi Jóns fann hjá honum, var skilað aptur eiganda. Hinn ákærði hefur ekki þótzt vita, hvað hann hafi gjört við hitt. Í koffortið komst hinn ákærði með hinum rjetta lykli, er hann tók úr vasa í vesti Guðgeirs, er hjekk uppi við rúm hans.

Hinn ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og sem með dómi aukarjettar Norðurmúlasýslu, gengnum 1. júlí 1886, birtum fyrir ákærða 8. s. m., og staðfestum af landsyfirdóminum, að því til hegningarinnar kemur, 6. desbr. s. á., er dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga, er af hjeradsdómaranum með rjettu dæmdur eptir 232. grein hinna almennu hegningarlaga, og virðist mega ákveða hegningu þá, sem hann samkvæmt nefndri lagagrein



hefur til unnið, 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Og með því yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeradsdómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta hjeradsdóminn með þeirri breytingu á hegningunni, sem áður segir. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi og síðari afgreiðsla þess af hendi hjeradsdómarans hefur verið æði seinfara, en þó virðist eptir málavöxtum og skýringum hjeradsdómarans ekki næg ástæða til þess að láta hann sæta ábyrgð fyrir.

Sókn og vörn í málinu við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig að hegning hins ákærða, Jóns Jónssonar, sje fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málafutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, ella sæti hinn dómfelldi aðför að lögum.